

**Fundargerð**  
**339. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 5. apríl 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Menntamál
4. 1. maí 2017
5. Upplýsingar af fundi með heilbrigðisráðherra
6. Launahækkanir á LSH til hjúkrunarfræðinga
7. Greiðslur fyrir fundarsetu í stjórn SLFÍ
8. Dómsmál
9. Undirbúningur fyrir 26. Fulltrúaþing SLFÍ, 12. maí
  - Skýrslur deilda
  - Laganefnd fær ekki svar frá fulltrúum
10. Stofnanasamningar
11. Tilboð Starfsmannafélags Vestmannaeyja um þjónustu

**Önnur mál**

**Dagskrá:**

1. Fundur settur  
Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar  
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Menntamál

Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar SLFÍ mætti á fundinn og fór yfir vinnuna við undirbúning Fagháskólanáms. Fyrsti fundur var í gær í verkefnastjórn um háskólanám sjúkraliða, þ.s. sæti eiga fulltrúi frá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, FÁ, LSH og frá SLFÍ. Um er að ræða 5 verkefni sem byrjað verður á. Tvær iðngreinar (málmiðnaður og bílið), rafiðnaður, skrifstofufólk og framhaldsnám sjúkraliða. Enn hefur háskóli ekki fengist til samstarfs, en unnið er að því. Búið er að ráða verkefnastjóra (Runólf Ágústsson). Unnið er að gerð skipulagsskrár, sem tekur m.a. á stofnframlögum, markmiði námsins, stjórn og fl. Fram kom að SLFÍ greiði hluta af stofnframlagi sjóðsins.

### 4. Undirbúningur undir 1. maí

Sigríður Ríkharðsdóttir (SR) starfsmaður SLFÍ kom inn á fundinn og gerði grein fyrir fundi sem hún fór á um kynningu dagskrár 1. maí hátíðarinnar. SR fór yfir að verið væri að undirbúa 1. maí hátíðarhöldin/baráttudaginn. Umræða var um að öll stéttarfélög nýttu facebook síðu sem búið er að útbúa undir nafninu 1. maí. Rætt var um að gera örmyndbönd sem fjalla um málefni félagsmanna, en dagskrá verður annars með hefðbundnu sniði. Yfirskrift dagsins verður „Húsnæðisöryggi – sjálfsögd mannréttindi“. Rætt var um að taka upp myndband með ungum sjúkraliða/um sem ræða baráttumál. Garðar formaður STRV verður ræðumaður BSRB í Reykjavík og Kristín Á Guðmundsdóttir formaður SLFÍ verður aðalræðumaður á Selfossi. Erindi barst frá BSRB þ.s. boðið er upp á flögg og veifur frá BSRB. [Erindi frá BSRB](#)

### 5. Upplýsingar af fundi með heilbrigðisráðherra

KÁG fór yfir þau mál sem voru rædd á fundi heilbrigðisráðherra í morgun. Á fundinum var rætt um ákveðna breytingu á reglugerðinni um sjúkraliða frá 2012, skortinn á sjúkraliðum, menntun sjúkraliða og álagið á stéttinni. Einnig voru lífeyrismál/LSR rædd og ítrekuð krafan um að við samkomulagið væri staðið. Því einnig komið á framfæri að nauðsynlegt væri fyrir heilbrigðisráðherra að vera í sambandi við þau stéttarfélög sem færu með málefni starfsmanna í heilbrigðiskerfinu. Að lokum var bent að fundartíminn væri allt of stuttur. [Sjá minnisatriði](#)

### 6. Launahækkanir á Landspítala til hjúkrunarfræðinga

KÁG fór yfir að til okkar hafi borist upplýsingar um að LSH hefði einhliða hækkað laun hjúkrunarfræðinga. Þessar upplýsingar hafa fengist staðfestar af mannauðssviði stofnunarinnar. Rætt hefur verið við stjórnendur SFR um að fá sameiginlegan fund með forstjóra LSH til að fara yfir málið. [Sjá tölvupóst](#)

### 7. Greiðslur fyrir fundarsetu í stjórn SLFÍ

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ fór yfir að útreikningar lægju fyrir um launahækkanir félagsmanna SLFÍ frá 2012, sem er það viðmið sem eðlilegt sé að miða við varðandi greiðslur til stjórnarmanna. JJS kynnti útreikningana. Málið verður skoðað áfram.

### 8. Dómsmál

GÖG gerði grein fyrir að búið væri að dæma í máli félagsins gegn Eir/SFV vegna tregðu stjórnenda Eirar til að viðurkenna að hópur sjúkraliða sem starfa hjá þeim vinni við heimahjúkrun, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar félagsins þar um. Málið hefur verið í gangi frá upphafi árs 2014 og fulltrúar SLFÍ hafa haldið fjölda funda með

stjórnendum Eirar og í seinni tíð með forsvarsfólki SFV um málið. Þessi heimahjúkrun á vegum Eirar hefur verið í gangi frá 2001 í verktöku frá ríki og borg án vitundar félagsins.

Niðurstaða félagsdóms var að um heimahjúkrun er að ræða, en félagið tapar málinu vegna tómlætis/aðgerðarleysis félagsins/félagsmanna. Af þessu leiðir að ef vinnuveitandi nær að halda slíku leyndu í einhvern tíma þá getur hann, miðað við þennan dóm, sloppið allavega tímabundið. Fulltrúar félagsins munu í ljósi þessa dóms krefjast þess að sjúkraliðum verði raðað samkvæmt því að starfa við heimahjúkrun, sem nú liggur fyrir samkvæmt dómnum. [Sjá dóminn](#)

## 9. Undirbúningur fyrir Fulltrúaþing

KÁG fór yfir ársskýrslur frá félagsdeildum væru allar komnar. Enn vantar skýrslur frá ákveðnum starfsnefndum, búið er að óska eftir skýrslum án nokkurra viðbragða. Elías Snæland Jónsson hefur skilað af sér samantekt úr ársskýrslum félagsdeilda. Laganefnd hefur fengið þær breytingar á lögum/reglugerðum félagsins sem komu inn fyrir 1. febrúar og mun fara yfir málið. Annar undirbúningur er í góðum farvegi.

## 10. Stofnanasamningar

GÖG fór yfir að tilboð hefði komið frá HSN sem verið væri að skoða, en í því er lagt til að taka út starfslýsingu D og stytta færslutímamann/rennihestinn frá starfslýsingu C og upp í starfslýsingu E um eitt ár.

Óskað hefur verið eftir öllum gögnum um launasetningu sjúkraliða á

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, því að í ljós hefur komið að einhver óreiða virðist vera á röðun sjúkraliða miðað við stofnanasamning. Beðið er eftir upplýsingunum.

Fundur er 6. apríl í samstarfsnefndinni á HSU, en ekkert hefur verið fundað með HSS. Á báðum þessu stöðum hefur enn ekki fengist sérstök röðun fyrir sjúkraliða í heimahjúkrun.

## 11. Tilboð Starfsmannafélags Vestmannaeyja um ákveðna þjónustu

KÁG fór yfir að formaður STAVEY hefði haft samband og boðið SLFÍ að skrifstofa þeirra í Vestmannaeyjum gæti þjónustað BSRB félögin, t.d. í sambandi við ýmis fríðindi. Fram kom að ekki væri þörf á að þiggja þessa þjónustu.

### Önnur mál

- JJS ræddi um trúnaðarmenn, skipulag, fjölda og stuðning við þá. Rætt var um fjölda trúnaðarmanna á LSH og virkni þeirra sem þó eru. Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari og aðaltrúnaðarmaður á LSH fór yfir söguna og þróun trúnaðarmannakerfisins. Farið var yfir deyfðina sem er í starfi trúnaðarmanna á Reykjavíkursvæðinu og á hvern hátt er hægt að ýta undir virkara/i starf/þátttöku trúnaðarmanna.